


Alþingi
Erindi nr. P 140/829
komudagur 19.12.2011



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 - 10

150 Reykjavík

Reykjavík 19.12.11

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð og lögum um Stjórnarráð Íslands (skrifstofustjórar, launaviðmið), 365. mál.

Þann 2. desember sl. lagði fjármálaráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um kjararáð og lögum um Stjórnarráð Íslands (skrifstofustjórar, launaviðmið), 365. mál.

Samtök atvinnulífsins leggjast gegn því að fyrirtækjum á samkeppnismarkaði sé mismunað með þeim hætti sem 8. gr. núverandi laga nr. 47/2006 mælir fyrir um. Opinber hlutafélög starfa flest á samkeppnismarkaði og miklu skiptir að starfsumhverfi þeirra sé sem líkast því sem almennt gerist á slíkum markaði.

Samtök atvinnulífsins leggja til þá breytingu að á eftir 2. gr. frumvarpsins komi ný grein svohljóðandi:

Á eftir 2. másl. 2. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Ákvæði 1. másl. tekur ekki til opinberra hlutafélaga sem starfa í samkeppni við önnur hlutafélög á markaði.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins